
STAÐARHÓLL Í DÖLUM:

HÖFUÐBÓL Í MINJUM, SÖGU OG SAGNARITUN

SAMANTEKT UM FRAMVINDU 3. RANNSÓKNARÁRS



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJ.)

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2023
FS925-20175



Staðarhólsrannsóknir eru styrktar af RÍM sjóðnum (Ritmenning íslenskra miðalda)

Á ljósmynd á forsíðu er horft yfir Fagurey á Breiðafirði þar sem Sturla Þórðarson bjó um árabíl. Fornleifar í eyjunni voru skráðar í sumar og kennir þar ýmissa grasa. Ofarlega á myndinni til hægri má greina bæjarbólinn á eyjunni.

Ljósmynd: Kristborg Þórsdóttir.

©2023
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆDRABORGARSTÍG 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAMSTARF, MIÐLUN OG FUNDIR.....	7
3. FRAMVINDA FORNLEIFARANNSÓKNA 2022.....	10
4. FRAMVINDA ÖRNEFNAVINNU/SAGA MAP 2022.....	16
3. FRAMVINDA SAGNFRÆÐIRANNSÓKNA 2022	19
6. FRAMVINDA BÓKMENNTAFRÆÐIRANNSÓKNA 2022	20
7. SAMANTEKT UM HELSTA ÁVINNING ÁRSINS OG NÆSTU SKREF	23
LISTI YFIR ÞÁTTTAKENDUR.....	26
LISTI YFIR ÚTGÁFU Í TENGLUM VIÐ VERKEFNIÐ	28

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um framvindu 3. rannsóknarárs verkefnisins *Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* en verkefnið hlaut styrk úr rannsóknarsjóði RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) árin 2020-22. Rannsóknarhópurinn að baki Staðarhólsrannsóknnum samanstendur af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði-, bókmenntafræði- og líf- og umhverfisvísindadeildum Háskóla Íslands. Markmið Staðarhólsrannsókna er að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar og auka skilning á sögu og eðli jarðarinnar Staðarhóls þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið. Tilgangur þeirra er að auka skilning á því umhverfi sem Sturla og verk hans eru sprottin úr og miðla þeirri þekkingu til fræðimanna og almennings.

Úthlutað var styrk til 3. rannsóknarársins í júlí 2022 og var því aðeins hálf tveggja ár liðið þegar framvinduskýrslan er rituð í febrúar. Þeim rannsóknnum sem unnar voru á þriðja ári verkefnisins má skipta í fjóra hluta. Á sviði fornleifarannsókna voru gerðir könnunarskurðir í bæjarhól Staðarhóls ásamt því að farið var út í Fagurey og allar minjar og menningarlandslag eyjunnar skráð. Ráðinn var starfsmaður til að sinna skráningu á örnefnum úr Sturlungu og öðrum fornsögum (Saga map) og er ráðgert að ljúka því verki vorið 2023. Á þriðja ári rannsókna hófst einstaklingsverkefni á meistarastigi sem fjallar um bæ og kirkju á Staðarhóli 1000-1300 og ráðgert er að ljúki í sumarbyrjun 2023. Á sviði bókmenntarannsókna voru verkefni ársins tvíþætt, annars vegar var haldið áfram rannsóknnum á Resensbók og hins vegar unnið að rannsóknarverkefni meistaránema um Sturlu Þórðarson og Sturlusafnið.

Efnisorð

Staðarhóll, Fagurey, Sturla Þórðarson, Saurbær, Dalir, RÍM, miðaldir, fornleifar, menningarlandslag, örnefni, sagnfræði, bókmenntafræði

Summary

This document offers a progress report outlining the results of the third year of the research project *Staðarhóll in Dalir: Nature, culture and economy on an Icelandic church center*. The project is funded by RÍM (LCMI – Literary Culture in Medieval Iceland), a research award established to celebrate 75 years of Iceland's independence. The project is multidisciplinary and is set up as a three-year plan with an additional two years focusing on publication and outreach. The research group consists of scholars from the University of Iceland, the Institute of Archaeology in Iceland, the Árni Magnússon Institute for Icelandic studies and the National Archives of Iceland. The main aim of the research is to provide further knowledge of the work and surroundings of the thirteenth-century chieftain and historian Sturla Þórðarson, who lived and worked at the farm of Staðarhóll for a large part of his life, disseminating its results both to scholars and the public.

Various work took place in the year 2022. The grant for the year was announced in July so the research year will reach into spring/early summer of 2023. In the archaeological part extensive trenching was done on the farm mound of Staðarhóll on one hand and a detailed field survey in Fagurey, where Sturla Þórðarson lived towards the end of his life, was done on the other hand. Additionally, the work on collecting and locating place names from Sturlunga (Saga map) has started and will be finished at the end of the research year. Two independent research projects started in the year, in history a student project on MA level focusing on the farm and church of Staðarhóll in the period 1000-1300 and in literature an MA dissertation on Sturla Þórðarson and his role in the Sturlusafn will be explored. Finally, work on *Resens book* - one of Sturla's writings that remains unpublished in complete form – was continued.

Keywords


Staðarhóll, Sturla Þórðarson, Saurbær, Dalir, RÍM, archaeology, cultural landscape, place names, historical studies, Medieval literature

1. Inngangur

Í júlí 2022 var styrkjum úr sjóðnum RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) úthlutað í þriðja sinn. Meginmarkmið sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði fornleifafræði, sagnfræði, textafræði og bókmenntafræði sem tengjast þeim stöðum þar sem ritmenning blómstraði á Íslandi á miðöldum. Tílefnið var að nú eru 75 ár liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi.¹

Verkefnið *Staðarhóll: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* var lagt upp til 3-5 ára og hlaut styrki úr sjóðnum árin 2020-22. Rannsóknin er þverfagleg og samanstendur hópurinn að baki umsókninni af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði-, bókmenntafræði- og líf- og umhverfisvísindadeildum Háskóla Íslands. Markmið Staðarhólsrannsókna er að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar, auka skilning á því umhverfi sem hann og verkin eru sprottin úr og miðla þeirri þekkingu til fræðimanna og almennings.

Sturla Þórðarson er jafnan kenndur við Staðarhól þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið. Sturla bjó þó víðar, m.a. í Fagurey á sínum efri árum. Í rannsókninni eru hugmyndafræði og



Mynd 1: Kort sem sýnir staðsetningu Fagureyjar annars vegar og Staðarhóls og nágrenni hins vegar

¹ Tilkynning um sjóðinn á heimasíðu Snorrastofu, sjá: <https://snorrastofa.is/styrkir-vegna-rim-verda-auglystir-a-naestunni/>

samhengi verka Sturlu könnuð ásamt því að varpa ljósi á forsendur ritmenningar á staðnum með víðtækum rannsóknum á landslagi, minjum og ritheimildum. Bæjarstæði Staðarhóls, hjáleigur, engjar og úthagar, seljalönd, ítök og auðlindir eru í forgrunni ásamt Fagurey. Í rannsóknunum er hugað að víðara samhengi landshátta, allt í þeim tilgangi að öðlast betri þekkingu á staðarvali, landsháttum og samfélagi á umræddum jörðum á miðöldum.

Í þessari skýrslu verður framvinda verkefnisins árið 2022 rakin. Styrk til verkefnisins var úthlutað í júlí 2022 og hófst vinna þriðja rannsóknarárs seinni hluta sumars. Rannsóknarárið var því hálfnað þegar sú framvinduskýrslan sem hér lítur dagsins ljós er rituð, í ársbyrjun 2023. Vettvangsrannsóknir voru unnar síðsumars og á haustmánuðum en aðrar rannsóknir og úrvinnsla jafnt og þétt út verkefnisárið. Gert er ráð fyrir að ljúka verkefnum rannsóknarársins í apríl/máí 2023. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir framvindu þeirra rannsókna sem unnar voru á árinu og farið yfir áætlanir um framhald Staðarhólsrannsókna á árum 4-5. Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst verður farið yfir samskipti rannsóknarhóps verkefnisins og miðlun (kaflí 2) og því næst rakin framvinda í hverjum verkþætti rannsóknarinnar á árinu (kaflí 3-6). Að lokum verða teknar saman helstu niðurstöður og greint frá næstu skrefum sem ráðgert er að taka í rannsóknunum (kaflí 7).

2. Samstarf, miðlun og fundir

Margvíslegt samstarf var milli rannsóknaraðila á þriðja ári rannsókna og voru fundir haldnir reglulega. Verður hér gerð grein fyrir helstu fundum og samstarfi.

Samstarf og fundir

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2022 funduðu meðlimir Staðarhólshólmsins nokkrum sinnum, bæði í smærri hópum og í heild til að ræða framgang rannsókna og nýja umsókn. Fyrsti formlegi fundur rannsóknarhópsins árið 2022 var haldinn 13. janúar og fleiri fylgdu í kjölfarið, m.a. fundur í stjórn verkefnisins 7. febrúar og snerust þeir um yfirferð yfir annað rannsóknarárið og ráðagerðir um frekari rannsóknir, ásamt því að unnið var að gerð umsóknar, framvinduskýrslu og uppgjöri ársins 2022.

Formleg tilkynning um styrkveitingu vegna 3. rannsóknarárs RÍM barst í byrjun júlí 2022. Í kjölfarið var boðað til fundar verkefnahóps. Á fundinum var farið yfir úthlutunina og rætt um skiptingu fjármagns, stöðu verkefna og framhald rannsókna í ljósi nýrrar úthlutunar. Styrkurinn sem fékkst í ár var hærri en fyrri ár og því þurfti minna að skera niður áætlun verkþátta.² Á fundinum og í kjölfar hans kom hópurinn sér saman um nýja rannsóknaráætlun.

Næsti fundur hópsins var haldinn 1. nóvember 2022. Á honum kynntu allir verk hópar framvindu verkefnisins það sem af var verkefnisárinu. Kynntar voru fyrstu niðurstöður vettvangsrannsókna á bæjarhól Staðarhóls og helstu niðurstöður rannsókna í Fagurey, framvindu vinnslu Resensbókar og nemendaverkefna og rætt um áframhaldandi úrvinnslu og miðlun.

Verkefnahópurinn fundaði aftur þann 27. janúar 2023. Fundurinn var m.a. haldinn til að fara yfir framvindu rannsókna um Staðarhól og til að undirbúa gerð framvinduskýrslu og umsóknar ársins 2023.

Einnig var fundað í verkefnahópi bæðði 9. og 16. febrúar. Á báðum fundum var farið yfir gerð framvinduskýrslu og umsóknar fyrir árið 2023.

Í febrúar voru mikil samskipti í rannsóknarhópnum, bæði innan smærri verkefnahópa og í hópnum í heild og sneru þau mest að gerð framvinduskýrslu og umsóknargerð. Auk funda rannsóknarhópsins hafa þeir aðilar sem vinna saman að hverjum verkþætti fundað margoft yfir árið og fundir hafa einnig verið haldnir þvert á rannsóknarhópa. Fyrir lok vettvangsársins, um miðjan

² Fengu flestir verkþættir um 87% af umbedinni upphæð að því frátöldu að ekkert var skorið niður það fjármagn sem fara á til greiðslu vegna verkefnis í sagnfræði eða til vinnufundar í Dölum sem ráðgerður er á útmánuðum vetrar 2023.

apríl 2023 er ráðgerð vinnuferð í Dalina þar sem rannsóknarhópurinn ætlar líta yfir farinn veg og vinna áfram að undirbúningi að útgáfu og miðlun rannsóknarniðurstaðna.

Miðlun

Miðlun rannsókna var með ýmsum hætti á árinu. Áfram var haldið úti opinberri facebooksíðu fyrir rannsóknarverkefnið. Á henni er myndum og frásögnum af framgangi verksins miðlað og útgefið efni gert aðgengilegt fyrir heimamenn (Facebook síða: *Staðarhöll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* (<https://www.facebook.com/Staðarhöll-%3B3ll-%3BAD-D%3B6lum-H%3B6fu%3B0b%3B3l-%3BAD-minjum-s%3B6gu-og-sagnaritun-110730747382093>))

Í bókmenntafræði kom ritgerð meistaraþrófsritgerð Þorsteina Björnssonar út á árinu. Ritgerðin fjallar um um Hákonar sögu Hákonarsonar sem Sturla Þórðarson er talinn hafa samið undir verndarvæng Magnúsar Hákonarsonar lagabætis (sonar Hákonar gamla) í fyrstu utanför sinni. Í ritgerðinni veltir Þorsteinn m.a. fyrir sér afstöðu Sturlu til manna og málefna í svokölluðum Íslendingaköflum Hákonar sögu og ber kaflana saman við annað stærra ritverk, Sturlungu, sem Sturla átti hlutdeild að. Ritgerðin er, líkt og aðrar útgefnar meistaraþrófsritgerðir, í opnum aðgangi á Skemmunni (sjá hlekkir í ritaskrá aftarlega í skýrslu).

Tvær skýrslur um fornleifarannsóknir tengdar Sturlu Þórðarsyni munu líta dagsins ljós innan verkefnaársins. Annars vegar er skýrsla um þær vettvangsrannsóknir sem unnar voru á Staðarhöli væntanleg í marsmánuði og hins vegar er ráðgert að skýrsla um skráningu minja og menningarlandslags í Fagurey komi út í apríl 2023.

Á þriðja rannsóknarári var talsverð miðlun á verkefninu til fræðimanna og almennings. Á Hugvísindapíngi var fjallað um Staðarhólsrannsóknir á sérstakri málstofu sem helguð var rannsóknunum. Málstofustjóri var Þórdís Edda Jóhannesdóttir en auk hennar fluttu Þorsteinn Björnsson/Ármann Jakobson og Emil Gunnlaugsson/Sverrir Jakobsson með erindi á þínginu.

Málstofa helguð Staðarhólsrannsóknunum var einnig á Íslenska sögupínginu 19.-21. maí 2022. Þar héldu þau Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Sandra Gunnarsdóttir og Emil Gunnlaugsson erindi um Staðarhólsrannsóknir.

Þann 3. júní var haldin málstofa/vinnufundur RÍM verkefna á Þjóðminjasafni Íslands þar sem haldin voru átta kynningar á verkefnum sem RÍM-sjóðurinn hefur styrkt á undanförunum árum. Á fundinum kynnti Elín Ósk Hreiðarsdóttir framvindu Staðarhólsrannsókna.

Auk kynningar á ofangreindum ráðstefnum og málþingum var Staðarhólsverkefnið kynnt almenningi heima í héraði þann 13. ágúst 2022, á Staðarhólshátíð sem sóttu á annað hundrað manns í ár. Þar hélt Guðrún Alda Gísladóttir fyrirlestur um Staðarhólsrannsóknir og fór hún að auki ásamt Birna Lárusdóttir með áhugasama í sögugöngu að Staðarhóli þar sem þær rannsóknir sem unnar hafa verið á Staðarhóli og í nágrenni voru kynntar.


Gert er ráð fyrir að vægi miðlunar á niðurstöðum rannsókna aukist enn á síðari árum verkefnisins (4.-5. ári) og er þá gert ráð fyrir að miðla rannsóknum með útgáfu og fyrirlestrum, en einnig með hönnun e.k. kortavefsjár.

3. Framvinda fornleifarannsókna 2022

Elín Ósk Hreiðarsdóttir


Á þriðja ári fóru fram tvíþættar rannsóknir í fornleifahluta Staðarhólsrannsókna. Annars vegar voru teknir allmargir könnunarskurðir á bæjarhól Staðarhóls til að til kanna útbreiðslu og dýpt mannvistarlaga, skoða varðveislu mannvistar í hólnum og þannig skera úr um fýsilegt væri að ráðast í stærri rannsóknir þar í framtíðinni. Hins vegar var farið út í Fagurey á Breiðafirði þar sem Sturla eyddi síðustu æviárum sínum og minjar og menningarlandslag skrásett.

Vettvangsvinna sumarsins hófst í ágúst þegar þær Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir héldu út í Fagurey í skráningarleiðangur. Auk þess að vera styrkt af RÍM sjóðnum hlutu rannsóknir í Fagurey styrk úr



Mynd 2: Skráðar minjar í Fagurey sumarið 2022. Loftmynd frá Bing.


Fornminjasjóði sem gerði það að verkum að hægt var að ljúka skráningu í eyjunni ásamt því að halda til streitu ráðgerðum rannsóknum á bæjarhóli Staðarhóls. Eins og alkunna er bjó Sturla Þórðarson í Fagurey á sínum efri árum en markmið rannsókna í eyjunni voru annars vegar að skrá einfaldlega allar þekktar minjar á svæðinu en gera jafnframt tilraun til að kanna hvort greina mætti vísbendingar um minjar og menningarlandslag frá fyrri öldum í eyjunni, t.d. í minjum og örnefnum.



Mynd 3: Þrívíddarlíkan af miðju Fagureyjar. Kortið er byggt á drónamyndatöku Kristborgar Þórsdóttur en um gerð þrívíddarlíkans sá Garðar Guðmundsson.

Í Fagurey voru skráðar afar fjölbreyttar og áhugaverðar minjar. Samtals voru skráðar um 148 fornleifar á 100 minjastöðum. Talsverður hluti yfirborðsminja er eins og gefur að skilja frá síðari öldum en byggð lagðist af í eyjunni á 4. áratug 20. aldar. Af þeim minjum sem líklegt er að séu eldri má nefna umfangsmikil garðlög suðvestast á eyjunni. Garðarnir ná yfir um 1.4 km stórt svæði eða ríflega 11% af öllu landi eyjunnar. Líklegast verður að telja að þeir séu akurgerði og væri áhugavert að kanna nánar ummerki um akuryrkju í eyjunni, t.d. með frjókornagreiningu. Í eyjunni voru skráðar heillegar býlisrústir á nokkrum stöðum, öskuhaugur fannst utan í bæjarhólnum (þar sem mikið magn fugla og fiskabeina sást í rofi) og áhugaverð og fornleg aflöng rúst skammt ofan við bæjarhólinn. Auk þess að skrá minjar í eyjunni var flogið yfir hana með dróna og hún mynduð úr lofti og á úrvinnslustigi hefur verið unnið þrívíddarkort af miðhluta eyjunnar þar sem flestar mannvistarleifar er að finna (sjá mynd 3). Grunnúrvinnsla skráningar er lokið en eftir er að vinna myndir og kort og rita skýrslu. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki í aprílmánuði 2023.

Rannsóknir á Staðarhóli voru unnar í september 2022. Að þeim komu þau Guðrún Alda Gísladóttir, Stefán Ólafsson, Helga Jónsdóttir, Agla Geirlaug Ringsted og Gavin Lucas en sá síðastnefndi sá um úrvinnslu og skýrslurritun. Rannsókn á vettvangi 2022 byggði á niðurstöðum



Myndir 4: Staðsetning könnunarskurða og borkjarnasýna sem tekin voru haustið 2022 á Staðarhóli.

borkjarnarannsóknna frá 2021 og miðaðist að því að kanna öskuhauga sunnan og austan við bæjarhólinn, sem fundist höfðu með borkjarnasýnum árið á undan. Vonast var til að hægt væri fá hugmynd um þróun byggðar á bæjarhólnum og dýpt og varðveislu mannvistarlaga með könnunarskurðunum. Teknir voru fimm skurðir og nokkrir borkjarnar. Skurðirnir voru í hliðar bæjarhólsins að suðaustan, sunnan og suðvestan auk þess sem einn lítill skurður var tekinn á hólnum sjálfum. Að auki var borað á þremur stöðum meðfram vesturhlið bæjarhóls, nálægt tóftum og yngsta íbúðarhúsinu, röð af borkjörnum var tekin í austanverðan hólinn nærri íbúðarhúsinu og að auki einn borkjarni á sléttri grund í túninu rétt austan við bæjarhólinn, til samanburðar.

Niðurstöður athugana á Staðarhóli 2022 voru ekki einhlítar. Annars vegar komu í ljós töluverð sorplög, en afar lítið fannst af gripum og minna en vænta mætti á höfuðbóli. Tvennt vekur sérstaka athygli. Annars vegar er greinilegt er að sorphaugar hafa safnast upp sunnan og austan í bæjarhólnum. Sorplögin að sunnanverðu eru ekki mjög djúp og þó að greinilega sé meira af ruslalögum þegar neðar dregur eru þau mjög blönduð og í þunnum linsum, sem bendir til að þetta sé í jafri uppsöfnunar.

Það virðist mega skipta upphleðslu sorplaga í þrjú mismunandi skeið, hvert á sínu svæði, en ekki er auðvelt að tímasetja þau. Haugurinn sem var á bæjarhólnum sjálfum (í skurði 5) er auðveldastur, hann er greinilega frá síðari hluta 19 aldar og upphafi þeirrar 20. Sunnantil í hólnum (skurður 1 og 3) virðist sem mannvistarleifarnar hafi líklegast spannað tímabilið 1600-1800 en sýni voru tekin til C14 greiningar úr báðum skurðum og er vonast eftir að niðurstöðurnar muni varpa frekara ljósi á aldur mannvistarlaga. Helst virðist sem elstu öskuhaugarnir séu austantil í bæjarhólnum og sá hluti sem grafið var í er sennilega frá því á miðöldum og fram á nýöld, þ.e. hugsanlega frá 13. öld til 17. aldar. C14 sýni var einnig tekið úr þessum skurði til aldursgreiningar. Á þessu svæði hefur líklega mest safnast upp af mannvistarlögum. Ef reynt er að setja haugana í samhengi við húsinn á hólnum má gera ráð fyrir að yngsti haugurinn sé einkum tengdur yngstu húsunum á hólnum (frá 20. öld). Sunnan við þau eru sjáanlegar tóftir, líklega af eldri bæ og voru öskulögin sunnan í hólnum (á bak við eða sunnan við tóftirnar) líklega tengdur þeim húsum. Haugurinn var stutt í notkun sem gæti bent til að bæjarhús hafi verið annað hvort færð eða stækkuð. Vísbendingar fundust um að eldri byggingar kunni að vera undir öskulögum í skurði 5 og er hugsanlegt að eldri ummerki um Staðarhólsbæinn, hugsanlega frá miðöldum og fyrr, sé að finna undir húsinnu sem nú stendur.

Allt eru þetta tilgátur en geta bent til að byggingarsaga bæjarhólsins sé flókin og bæjarhús kunni að hafa verið færð til og stækkað eða minnkað á ýmsum tímum, sem ætti ekki að koma á óvart. Þó virðist ljóst, að mest og lengst upphleðsla sorplaga hefur verið austan í bæjarhólnum. Efstu jarðvegslög á hólnum eru töluvert röskuð og náði raskið sums staðar nokkuð djúpt. Verið getur að hóllinn hafi verið sléttaður eða honum breytt (með handverkfærum) einhvern tíma á síðustu öldum.

Þá er ástæða til að staldra við hvað fáir gripir fundust í skurðunum. Staðarhóll var höfuðból og skipaði mikilvægan sess í sögunni. Það kemur því á óvart að svo fáir gripir skyldu finnast, og eru það nokkur vonbrigði. Líklegt er að hér skipti varðveisla talsverðu máli. Jarðvegurinn á hólnum virðist mjög súr, sem hefur áhrif á varðveislu beina úr fiski og öðrum dýrum. Hann er mjög leirkenndur og vatnssósa þegar neðar dregur, en vitað var að svæðið er blautt og mýrlent. Lítilsháttar fannst af beinum við uppgröftinn sumarið 2022, einkum tönnum (úr sauðfé/geitum), en mun minna en búast hefði mátt við. Það þýðir að rannsóknum á dýrabeinum eru takmörk sett en þó verður forn-dýrabeinafræðingur fenginn til að kanna samsetningu beinasafnsins í mars-apríl 2023 til að varpa ljósi á hvort það geti veitt einhverjar vísbendingar um skepnuhald og mataræði. Einhverjar vísbendingar fundust um að lífræn efni varðveitist betur í rökum jarðveginum. Neðarlega í skurði 2 fannst t.d. vel varðveitt vefnaðarpjatla.

Varðveisluskilyrði ein og sér geta varla skýrt hve fátt fannst af gripum. Leirflát, gler, málmur og steinn ættu öll að varðveitast og hafa greinileag gert það. En burtséð frá yngsta sorphaugnum í skurði 5, var fundafjöldi afar lítill. Hvar eru ílátin úr gleri og leir, krítarpípurnar og smámunir af klæðnaði sem búast mætti við í töluverðum mæli frá miðri 17.öld og síðar? Hvar eru brýnin, önnur



Mynd 6: Móöskulög í öskubaugi sem grafinn var upp í skurði 3 sumarið 2022. Horft til norðurs

steinverkfæri og málmáhöld, sem einkenna gripasöfn frá mannbústöðum frá síðari hluta miðalda og nýöld? Það er erfitt að sjá hvernig stendur á þessari gripafæð á slíku höfuðbóli og kynni að vera vísbending um hvernig umhirðu og förgun var háttað á bænum, sérstaklega á miðöldum og fyrri hluta nýaldar.

Mikið af sorplögunum, bæði að sunnan og austan, eru móöskulög blönduð nokkru viðarkoli, að líkum lætur útburður úr eldstæðum. Vel má vera að annað heimilissorp, t.d. það sem hreinsað var af gólfum, hafi verið borið út annars staðar á bæjarhólnum. Verið getur að gólfín í bæjarhúsunum sjálfum innihaldi fleiri fundi en sorphaugarnar (þannig virðist það vera á fyrri hluta nýaldar í Skálholti). Einnig verður að velta upp þeim möguleika að minjastaðurinn sé hreinlega fátækur að gripum, sem myndi þá segja okkur nokkuð um efnahag á staðnum - en er í ósamræmi við allt annað sem vitað er um efnahag jarðarinnar úr öðrum heimildum. Ekki verður að svo stöddu skorið úr um hvor skýringin er líklegri, eða hvort aðrar koma til greina, en til þess þyrfti frekari rannsóknir. Verið getur að gólfín í bæjarhúsunum sjálfum innihaldi fleiri fundi en sorphaugarnir.

Auk rannsókna á Staðarhóli og í Fagurey tóku þátttakendur fornleifahópsins virkan þátt í miðlun Staðarhólsrannsókna á árinu, bæði með færslum á facebooksíðu verkefnisins, með þátttöku í málstofu á Söguþingi, með kynningu á fundi RÍM á Þjóðminjasafni Íslands og með fyrirlestri og sögugöngu á Sturluhátíð.

4. Framvinda örnefnavinnu/Saga map 2022

Emily Lethbridge

Upprunalega var ráðgert að vinna við Icelandic Saga Map (ISM) á vegum Staðarhólsverkefnisins RÍM sjóðsins hæfist á fyrri árum verkefnisins en hún frestaðist vegna breytinga á fjárhagsáætlun verksins. Aðal markmið vinnuþáttarins er að hnitsetja örnefni sem koma fyrir í Sturlunga sögu í ISM gagnagrunninum til þess að tengja texta ritverks við stafrænt kort sem sýnir helst alla sögustaði.

Upphaflega var ætlunin að fá BA-nema til að vinna verkefnið og var auglýst eftir nema fyrir áramót en ekki fannst nemi í verkið þá. Um áramót var þess í stað ákveðið að ráða aðstoðarmann í verkefnið og var Zachary Melton (sem hefur unnið við ISM áður) ráðinn í febrúarbyrjun. Ráðgert er að vinnan hefjist í mars 2023 og fyrstu niðurstöður liggi fyrir um miðjan apríl þegar RÍM-hópurinn heldur vinnufund í Döllum. Á honum verða niðurstöður kynntar. Gert er ráð fyrir að verkinu verði lokið á vormánuðum eða snemma sumars 2023.

Undirbúningur að verkinu (þ.e. að hnitsetja staði úr Sturlungu) var unninn áður en Staðarhólsverkefnið hófst formlega en þá var útgáfan sem Guðbrandur Vigfússon gaf út árið 1878 notuð sem grunnur. Búið var að merkja eða „tagga“ alla staði í Sturlu sögu og fyrsta þriðjung Íslendinga sögu. Þessi vinna verður uppfærð (forníslenska textanum verður skipt út og texti Sturlunga sögu sem er aðgengilegur í opnum aðgangi á CLARIN vefnum <https://repository.clarin.is/repository/xmlui/handle/20.500.12537/32#> tekinn upp í staðinn) og fullkláruð. Auk þess verða aðrar samtíðasögur merktar inn eftir því sem tími leyfir, og staðir sem tengjast handritum sem innihalda Sturlunga sögu bætt í gagnagrunninn.

Myndir eru skjáskot af ISM-grunninum og vefnum.

Sagamap Emily [View site](#)

[Home](#) > [Velur](#) > [Sagas](#) > [Sturlunga – Sturlu saga](#)

Composition start

Composition end

Oldest manuscript start

Oldest manuscript end

Saga type Contemporary Saga

Chapters ↕ ⌕ +

chapter 1. kafli (Sturlunga – Sturlu saga) →

Chapter

Title

Chapter text

ÞORGILS hét maðr Oddason; hann var höfðingi mikill; hann bjó á Staðarhóli í Saurbæ. Sá sami Þorgils átti deilu við Hafliða Másson sem fyrr sagir. Hallbera hét móðir hans, Ara dóttir af Reykjanesi. Hann átti Kolfinnu dóttur Halz Styrmis sonar norðan ör Viðidal frá Ásgeirs-á. Þessi voru börn þeirra þau er kómsk úr bamæsku.—Oddi ok Einarr; ok dætr: Hallbera er átti Gunnsteinn Þórisson er bjó norðr í Reykjardal á Einarastöðum; önnur var Valgerð, er átti Þórhallr Finnsson austr í Fljótaldalshéraði; þriðja Álóf, er átti Snorri Kálfsson er bjó á Mel í Miðfirði; fjórða Aldís er átti Örnólfr Kollason frá Snjófjöllum ör kaalfótr; fimmta Gunnhildr er átti Halldórr Bergsson; sétta Ingibjörg er átti Böðvarr Barkarson; sjaunda Guðrún er átti Halldórr slakkafótr Þórarinsson er bjó í Fagradal. Oddi Þorgilsson var at fóstri með Sæmundi Sigfússyni í Odda; ok var hann prestur. Einarr Þorgilsson var at fóstri með Þorgeiri Sveinssyni at Brunná; Viðarr hét sonr Þorgeirs. Vermundr inn auðgi bjó á Hóli í Saurbæ; hann átti Þórbjörn Starradóttur; Þorbjörn hét son þeirra, en Þóra dóttir; önnur Þorbjörg, er átti Ari Einars son, Ara sonar. Þóru átti Þorgils Simonarson; þeirra synir, Gunnlaugr ok Jón, Jörundr, Þorgeirr. Þá bjó á Stað í Hrutafirði Skeljungr Helgason; hann átti Þorgerð, dóttur Ásbjamar ins daufa; börn þeirra vóra, Heigi prestur, Narfi ok Þorlaug, er átti Jón Þorgilsson.

chapter 2. kafli (Sturlunga – Sturlu saga) →

chapter 3. kafli (Sturlunga – Sturlu saga) →

chapter 4. kafli (Sturlunga – Sturlu saga) →

chapter 5. kafli (Sturlunga – Sturlu saga) →

chapter 6. kafli (Sturlunga – Sturlu saga) →


chapter 7. kafli (Sturlunga – Sturlu saga) →

chapter 8. kafli (Sturlunga – Sturlu saga) →

chapter 9. kafli (Sturlunga – Sturlu saga) →

ICELANDIC SAGA MAP Home [About the ISM project](#) [Using the map](#) [Resources](#) The Sagas

Sturlunga – Sturlu saga Chapter




Map Legends

- Sturlunga -- Sturlu saga

1. kafli


ÞORGILS hét maðr Oddason; hann var höfðingi mikill; hann bjó á Staðarhóli í Saurbæ. Sá sami Þorgils átti deilu við Hafliða Másson sem fyrr sagir. Hallbera hét móðir hans, Ara dóttir af Reykjanesi. Hann átti Kolfinnu dóttur Halz Styrmis sonar norðan ör Viðidal frá Ásgeirs-á. Þessi voru börn þeirra þau er kómsk úr bamæsku.—Oddi ok Einarr; ok dætr: Hallbera er átti Gunnsteinn Þórisson er bjó norðr í Reykjardal á Einarastöðum; önnur var Valgerð, er átti Þórhallr Finnsson austr í Fljótaldalshéraði; þriðja Álóf, er átti Snorri Kálfsson er bjó á Mel í Miðfirði; fjórða Aldís er átti Örnólfr Kollason frá Snjófjöllum ör Ísafirði; fimmta Gunnhildr er átti Halldórr Bergsson; sétta Ingibjörg er átti Böðvarr Barkarson; sjaunda Guðrún er átti Halldórr slakkafótr Þórarinsson er bjó í Fagradal. Oddi Þorgilsson var at fóstri með Sæmundi Sigfússyni í Odda; ok var hann prestur. Einarr Þorgilsson var at fóstri með Þorgeiri Sveinssyni at Brunná; Viðarr hét sonr Þorgeirs. Vermundr inn auðgi bjó á Hóli í Saurbæ; hann átti Þórbjörn Starradóttur; Þorbjörn hét son þeirra, en Þóra dóttir; önnur Þorbjörg, er átti Ari Einars son, Ara sonar. Þóru átti Þorgils Simonarson; þeirra synir, Gunnlaugr ok Jón, Jörundr, Þorgeirr. Þá bjó á Stað í Hrutafirði Skeljungr Helgason; hann átti Þorgerð, dóttur Ásbjamar ins daufa; börn þeirra vóra,



[Home](#) [About the ISM project](#) [Using the map](#) [Resources](#)

☰ The Sagas

+ Bing
Leita



Skógar

Region, Rangárvallasýsla
N63°30.86' W19°28.40

Appears in:
 Reykjaella saga og Víga-Skútu: [30. kafli](#)
 Landnámabók (Sturlubók): [73. kafli](#), [88. kafli](#)
 W. G. Collingwood 1897: [1. kafli](#)
 Sturlunga -- Íslendinga saga: [11. kafli](#), [45. kafli](#)
 Þorleifs þáttur jarlaskálds: [6. kafli](#)
 Kristni saga: [1. kaflitulli](#)

Map Legends

● Sturlunga -- Íslendinga saga

Sturlunga -- Íslendinga saga

Chapter

Tumasonar, ok það þá koma til sín með allan afla þann er þeir fengi; þvíat hann þóttisk vita um mála-tilbúnaðinn. Sæmundr sendi Snorra Sturluson til [Borgarfjarðar](#), at kveðja upp þingmenn sína, er Jón faðir hans hafði átt, bæði marga ok góða bændr. Fékk hann þar gótt mann-val. Þá er Snorri kom í [Skálaholt](#) með föru-neyti sítt, var Arnórr Tumason þar fyrir kominn ór liðs-bón frá þeirra Sighvatz ok Kolbeins, ok þóttusk eigi fá dregit flokka um vár-dag svá mikit torleiði. Þá var Snorri tvítögr, en Arnórr átján vetra. Sigurðr varð sekr á þinginu. Ok eptir þat samna hvárir-tveggju liði at nýju; varð Sæmundr miklu fjölmennari. Sigurðr fékk tvau hundruð manna; en Sæmundr hefir sjau hundruð manna. Ferr hann upp á eyna Há með sítt lið, ok býsk þar fyrir. En við þenna váða ferr til Páll biskup ok Þorvaldr Gizurarson, ok leita um sættir. En við þenna afla-mun gördisk Sigurði sá einn kostr at láta síga til samþykkis við Sæmund. Eru þá grið sett; ok fundusk við [Fors-á](#) hjá [Skógum](#). Ok varð þar sú sætt, at Páll biskup skyldi göra á þingi. Fara þeir nú til þings hvárir-tveggju; ok lýkr biskup gördum upp at ráðum inna beztu manna. Görir hann eignir allar til handa Sæmundi; en stillir svá gördum at hvárir-tveggju máttu vel við una, en Sæmundr hafði virðing af málum þessum. Kolbeini líkuðu fíla þessar mála-lyktir, en Sighvati verr.

5. Framvinda sagnfræðirannsókna 2022

Sverrir Jakobsson

Á árinu 2022 var auglýst eftir meistaranema í einstaklingsverkefni (10 einingar) sem fjalla skyldi um býlið á Staðarhóli á fyrstu öldum búskapar. Stefán Bogi Sveinsson var ráðinn verksins á haustmánuðum 2022. Vinna við efnisöflun hófst skömmu fyrir áramót en verkefnið verður unnið á vormisseri 2023 og stefnt er að því að ljúka því vorið 2023. Einstaklingsverkefni á meistarastigi í sagnfræði eru svipuð að umfangi og BA-ritgerð í sagnfræði. Viðfangsefni Stefáns Boga snýr að bæ og kirkju á Staðarhóli 1000-1300 og má líta á rannsóknina sem eins konar formála að hinn rækilegu athugun Emils Gunnlaugssonar á búskap á Staðarhóli eftir 1300. Nánari lýsing á verkefninu er eftirfarandi:

Samkvæmt Sturlubók Landnámu var Staðarhóll ekki landnámsjörð heldur byggði Sturla Þjóðreksson bæinn í kringum 1000. Sturla var forfaðir Sturlunga og kemur einnig við sögu í Eyrbyggju. Veldi bæjarins í Staðarhóli virðist hafa farið vaxandi á dögum Þorgils Oddasonar (um 1080-1151) en hann var af ætt Reykhólamanna. Ýmis konar hlunnindi virðast hafa nýst Staðarhólmönnum til frama, t.d. sölvaþjarn í Saurbæ. Markmið verkefnisins er að kortleggja og skýra veldi Staðarhólsmanna frá dögum Sturlu Þjóðrekssonar fram að sættargerðinni í Ögvaldsnesi 1297, þegar kirkjan fékk forræði yfir stöðum. Hvenær varð Staðarhóll staður og hvernig var rekstri hans háttað? Hvernig var sambandi Staðarhóls háttað við aðrar jarðir í Saurbæ og af hverju fylgdu sex jarðir í Saurbæ Staðarhóli árið 1241?

Sverrir Jakobsson er leiðbeinandi Stefáns og þeir Benedikt Eyþórsson í forsvari fyrir þessum hluta innan Staðarhólsverkefnisins.

Á rannsóknarárinu hafa þeir namar sem áður höfðu lokið verkefnum í sagnfræðihluta Staðarhólsrannsókna, þau Sandra Gunnarsdóttir og Emil Gunnlaugsson haldið ýmsar kynningar á efninu, Emil flutti erindi á Hugvísindaþingi 2022 og einnig á Sögupingi sama vor og þar kynnti Sandra einnig helstu niðurstöður sínar.

6. Framvinda bókmenntafræðirannsókna 2022

Þórdís Edda Jóhannesdóttir, Úlfar Bragason og Ármann Jakobsson

Meginmarkmið bókmenntahluta verkefnisins er að auka þekkingu á sagnaritun Sturlu Þórðarsonar og ritstofu hans. Lagt var upp með tvo þætti í rannsókninni, annars vegar frekari athuganir á Resensbók og hins vegar rannsóknir á verkum Sturlu í víðara samhengi með áherslu á hugmyndafræðilegan bakgrunn.

Á árinu lauk Þorsteinn Björnsson meistararitgerð sinni (í september 2022) sem hann nefndi „Með augum Sturlu: Viðhorf Sturlu Þórðarsonar til manna og málefna í Íslendingaköflum Hákonar sögu Hákonarsonar” en leiðbeinandi var Ármann Jakobsson. Í ritgerðinni er glímt við Sturlu sem virkan sagnaritara sem ekki aðeins er fenginn til verks af konungi heldur kemur eigin mati og söguskoðun á framfæri. Þorsteinn einbeitti sér að því hvernig íslenskum höfðingjum er lýst í verkinu samanborið við Íslendingasögu. Þorsteinn gerði grein fyrir niðurstöðum sínum á Hugvísindafingi 2022 og ritgerðin í heild er aðgengileg í Skemmunni (sjá heimildaskrá aftast í skýrslu).

Freyja Petersen meistaraniemi í íslenskum miðaldafræðum var ráðin í annað meistaraverkefni í Staðarhólsrannsóknnum og hóf hún vinnu við verkið í janúar 2023. Verkefni hennar er: Sturla Þórðarson og Sturlungusafnið: Hver var þáttur Sturlu Þórðarsonar í samsetningu Sturlungusafnsins? Var Sturla hugmyndafræðingur verksins, hvernig má sjá fyrir sér upphaflegt útlit verksins og hvaða hlutverki gegna einstakir þættir verksins í heildinni? Ráðgert er að Freyja ljúki rannsóknnum sínum haustið 2023.

Vinna við rannsóknir Resensbókar miðaði áfram jafnt og þétt á árinu. Líkt og rætt er í fyrri skýrslum er Resensbók heiti yfir handrit sem brann í Kaupmannahöfn 1728. Bókin er kennd við Peder Hansen Resen sem gaf bókasafn sitt til Kaupmannarhafnarháskóla 1685–88 en bókina hefur Árni Magnússon síðar eignast. Bókin hefur innihaldið alfræði ýmiss konar og hafa nokkrir fræðimenn fært rök fyrir því að bókin hafi verið í eigu Sturlu Þórðarsonar. Í samtímaskrá um safn Resens er varðveitt efnisyfirlit um það sem var í Resensbók. Af þeim efnisþáttum sem þar eru taldir upp eru nokkrir sem hafa hvergi varðveist, en aðrir varðveittir í mismörgum afritum. Á síðasta ári var lokið við að skrifa upp úr handritum þá efnisþætti sem varðveittir eru í handritum. Þórdís Edda Jóhannesdóttir kynnti helstu niðurstöður sem þá voru komnar á Hugvísindafingi 2022.

Það sem er af er þessu rannsóknarári hefur sjónum einnig verið beint að þeim textum sem talið er að *ekki* hafi varðveist. Efnisskrá Resens er um margt óljós og sumir efnisþættir gætu leynst í öðrum handritum, hvort sem það eru nákvæmlega þeir eða líkir textar. Til dæmis heitir einn

efnisþáttur *Astronomica quaedam de cursu syderum* eða „Um gang himintungla“ og getur verið erfitt að áætla nákvæmlega hvernig sá texti hefur verið. Slíkir textar eru þekktir í öðrum miðaldahandritum og stendur yfir samanburðarrannsókn á þeim og reynt að meta líkurnar á hvernig slíkur texti hefur verið í Resensbók. Þá hefur einnig komið í ljós að í sumum pappírshandritum sem geyma efni Resensbókar má finna annað alfræðiefni sem hingað til hefur ekki verið talið til efnis Resensbókar en eru góðar líkur á að sumt þess hafi komið þaðan. Rannsóknir á þessu eru sem fyrr segir yfirstandandi og gert ráð fyrir að taka saman niðurstöður þeirra með vorinu 2023. Þá á eftir að taka afstöðu til þess hvort og þá hvaða textar, sem mögulega gætu hafa verið í Resensbók án þess að það verði sannað, verða prentaðir.

Á rannsóknarárinu hefur einnig verið lögð áhersla á að skrifa inngang að útgáfu á Resensbók og er hann langt kominn. Þar er gerð grein fyrir sögu bókarinnar og dregin saman öll helstu rök fyrir því að Sturla Þórðarson hafi átt bókina. Þar er einnig gerð grein fyrir sambandi bókarinnar við önnur verk Sturlu og settar fram vangaveltur um mögulega notkun bókarinnar. Einnig er þar gerð nákvæm grein fyrir öllum þeim handritum sem nýtt hafa verið við frágang textans. Framundan er að auka við efni inngangsins en einnig að skrifa skýringar við efni bókarinnar. Vinna við Resensbók hefur sem fyrr verið í höndum Þórdísar Eddu Jóhannesdóttur og dreifðist yfir allt árið.

Ýmsar kynningar hafa verið haldnar á Sturlurannsóknnum í bókmenntahluta verksins. Úlfar Bragason stýrði málstofu um Staðarhólsrannsóknir á Hugvísindapíngi og hélt þar erindi en auk Úlfars héldu þau þau Þórdís Edda Jóhannesdóttir, Þorsteinn Björnsson/Ármann Jakobson erindi. Úlfar hélt einnig nokkra opinbera lestrar um *Íslendinga sögu* Sturlu Þórðarsonar árið 2022 og byrjun árs 2023 og verða hér nefndir þeir helstu:

- „Nár, hvor og hvordan ble *Íslendinga saga* til? Göteborgs universitet, 23. februar 2023.
- „Níðið um Snorra.“ Snorrastofa Reykholti, 27. september 2022.
- „Snorri átti son er Órækja hét.“ Háskólaport, Háskólaþing Vestfjarða, 23. september 2022.
- „Creating the Medieval Saga: In Sturla Þórðarson’s Scriptorium.“ 40th Memorial Seminar of Society of Icelandic Studies in Japan, Tokyo, 18. september 2022.
- „Creating the Medieval Saga: In Sturla Þórðarson’s Scriptorium.“ 18th International Saga Conference, Helsinki 8. ágúst 2022.
- „„Gerðist hann þá hirðmaðr Magnúss konungs“: Um afstöðu Sturlu sagnaritara til konungvaldsins.“ 5. íslenska söguþingið, 28. maí 2022.
- „Snorri’s Anger.“ Ráðstefnan Emotion and Medieval Self. Háskóli Íslands, 27. maí 2022.

- „Frásagnarlist Sturlu Þórðarsonar.“ Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, opinber fyrirlestur 15. janúar 2022.
- „Sturla Þórðarson – minni og frásögn.“ Miðaldastofa 13. janúar 2022.

7. Samantekt um helsta ávinning ársins og næstu skref

Góður gangur var í Staðarhólsrannsóknnum á þriðja ári rannsókna og var framvinda verksins í takt við áætlanir. Áður en rannsóknarárinu lýkur (í apríl 2023) er gert ráð fyrir að öllum markmiðum ársins verði náð.

Framvinda fornleifafræðihluta gekk að óskum og var lokið við skráningu menningarminja í Fagurey og umfangsmiklir könnunarskurðir teknir á Staðarhóli. Gert er ráð fyrir að skýrslur um niðurstöður beggja verkefna líti dagsins ljós fyrir lok verkefnaárs í mars og apríl. Á þriðja rannsóknarári hófst vinna við gerð örnefnasjár vegna Saga Map og mun henni ljúka vorið 2023.

Nemendaritgerð á meistarastigi í bókmenntafræði kom út á árinu og vinna við tvö ný nemendaverkefni hófst, annað á sviði sagnfræði (einstaklingsverkefni á meistarastigi) og hitt bókmenntafræði (meistaraverkefni). Er gert ráð fyrir að báðum verkefnum verði lokið haustið 2023. Á árinu var haldið áfram vinnu við undirbúning útgáfu Resensbókar. Að þessu sinni hefur sjónum einnig verið beint að þeim textum sem talið er að *ekki* hafi varðveist og kannað með samanburðarrannsóknnum hvort hægt sé að meta hvernig slíkur texti hafi líklega verið. Þá hefur einnig komið í ljós að í sumum pappírshandritum sem geyma efni Resensbókar má finna annað alfræðiefni sem hingað til hefur ekki verið talið til efnis Resensbókar en eru góðar líkur á að sumt þess hafi komið þaðan. Einnig var á árinu unnið í ritun inngangs að útgáfu á Resensbók og er hann langt kominn.

Á árinu voru haldnir fjölmargir fundir innan verkefnisins á árinu, bæði innan smærri hópa og með rannsóknarhópnum öllum. Stefnt er að því að halda slíkri samvinnu áfram á næstu árum og auka hana samhliða nánari samvinnu við miðlun og útgáfu.

Meðlimir Staðarhólsrannsókna voru duglegir að miðla rannsóknum sínum á árinu. Á þriðja ári hafa meðlimir hópsins kynnt rannsóknir hans með fjöldamörgum fyrirlestrum á málstofum og ráðstefnum, ásamt því að rannsóknin var kynnt heima í héraði með fyrirlestri og sögugöngu heim að Staðarhóli. Að auki hefur hópurinn haldið úti facebook síðu þar sem helstu tíðindi og útgáfur hafa verið kynntar og gerðar aðgengilegar. Að samanlögðu hefur kynning á rannsóknunum verið umtalsverð og meiri en gert var ráð fyrir í umsókn.

Nokkur tímamót verða í rannsóknum á Staðarhóli við lok 3. árs. Á fjórða og fimmta ári verkefnisins er gert ráð fyrir að leggja megináherslu á frekari úrvinnslu, útgáfu og miðlun rannsókna. Gert er ráð fyrir að vinnan á ári 4-5 skiptist í fjóra þætti.

1. Útgáfa Resensbókar

Reiknað er með að halda áfram undirbúningi að útgáfu Resensbókar. Á 4. ári er sótt um styrk til að ráða aðstoðarmann til að yfirfara texta bókarinnar og bera saman við handrit og ljúka ritun inngangskafila bókarinnar. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki innan 4. rannsóknarárs. Á lokaári rannsókna stefnt að því undirbúa handritið fyrir útgáfu, vinna að uppsetningu og lokafrágangi að handriti þannig að í lok verkefnisins verði Resensbók tilbúin til útgáfu, en útgáfustyrkur verður sóttur annað.

2. Útgáfa bókar um Staðarhólsrannsóknir á alþjóðlegum vettvangi

Á 4.-5. ári RÍM rannsókna verður haldið áfram frekari úrvinnslu og hafinn undirbúningur ritunar vandaðrar fræðiútgáfu um Staðarhólsrannsóknir. Bókin verður á ensku og stefnt er að útgáfu hjá virtu fræðibókaforlagi. Í bókinni verður fjallað um manninn Sturlu Þórðarson, bústað hans á Staðarhóli og í Fagurey og nærumhverfi þess, rekstur staðarins og forsendur ritmenningar og síðast en ekki síst um sum af þeim ritum sem Sturla er talinn hafa samið. Varðandi uppbyggingu bókar verður litið til bókar um Reykhóltsrannsóknir. Gert er ráð fyrir að helga 4. ár rannsókna frekari úrvinnslu þeirra gagna sem safnað hefur verið og að í lok verkársins liggi fyrir drög að þeim greinum sem í bókinni verða. Á 5. ári verður svo unnið að ritun inngangs og niðurstaðna, samsetningu bókar, ritstjórn, uppsetningu og frágangi. Gert er ráð fyrir að bókin verði tilbúin til prentunar í lok þess árs.

3. Gerð heimasíðu og gagnvirks kortagrunns

Á ári 4-5 verður unnið að gerð kortagrunns og heimasíðu um Staðarhólsrannsóknir. Stefnt er að því að gera allar helstu upplýsingar sem safnað hefur verið á vegum Staðarhólsverkefnisins og rannsóknarniðurstöður aðgengilegar á síðunni, bæði til niðurrhals og í kortasjá. Í kortasjánni verður hægt að sjá og kalla fram margvíslegar upplýsingar um Staðarhól og nágrenni (og Fagurey) í landupplýsingakerfi, s.s. uppmælingar af minjum, örnefni, kvaðir og ítök og fleira tengt jörðinni, umhverfi hennar og sögu. Er gert ráð fyrir að vinna efni fyrir kortasjána á 4. ári en leggja áherslu á vefsíðugerð á ári 5.

4. Frekari kynning á niðurstöðum

Ráðgert er að niðurstöður Staðarhólsrannsókna verði kynntar á Hugvísindaþingi 2024 þar sem stór málstofa verður tileinkuð rannsóknunum með fjölbreyttum erindum um

rannsóknir síðustu ára. Á fimmta ári er einnig gert ráð fyrir að rituð verði þverfagleg grein sem birtast myndi í alþjóðlegu ritrýndu tímariti. Einnig er gert ráð fyrir allsherjar kynningu heima í héraði á heildarniðurstöðum rannsókna og helstu afurðum þeirra.

5. Forrannsókn í Fagurey

Fornleifaskráning í Fagurey fór fram árið 2022. Hvati skráningarinnar var sú að þar dvaldi Sturla Þórðarson sagnaritari síðustu ævírin og var talið áhugavert að fá yfirsýn yfir ritunarumhverfi Sturlu. Í eyjunni voru skráðar og mældar upp einkar áhugaverðar og umfangsmiklar minjar sem ná yfir um fjórðung eyjarinnar og eru taldar tengjast kornrækt. Þessar vísbendingar um stórtæka kornrækt vekja upp spennandi spurningar á borð við það hvort akurrækt í eyjunni tengist heildarskipulagi höfuðbóla - eða hvort kornrækt hafi einfaldlega verið aukabúgrein eyjabúa. Í rannsóknum Staðarhólshópsins á ritmenningu miðalda er grundvöllur og rekstur menningar- og valdamiðstöðva talinn mikilvægur þáttur þar sem ritmenning blómstraði. Ekki fundust vísbendingar um kornrækt í Staðarhólsdal en við fornleifaskráningu í Fagurey eru minjar sem tengjast að líkindum slíkri ræktun óvenjulega áberandi. Kornrækt var mikilvæg í búrekstri höfðingja fyrr á tíð, ekki síst í tengslum við valdakerfi miðalda er byggðist meðal annars á gagngjöf (gift-giving) og veislum þar sem vel var veitt. Markmið forrannsóknar í Fagurey er að kanna hvort byggfrjó finnist í meintum akurreinum, aldursgreina þau og fá með því skýrari mynd af rekstri miðaldabúa – reynist niðurstöður hennar jákvæðir er stefnt á frekari rannsóknir í kjölfarið.

Listi yfir þátttakendur

Staðarhólsverkefnið er samstarfsverkefni eftirfarandi stofnana

Fornleifastofnunar Íslands ses

Háskóla Íslands

Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Þjóðskjalasafns Íslands

Helstu þátttakendur eru:

Ármann Jakobsson prófessor í íslenskum bókmenntum við HÍ

Benedikt Eypórsson fagstjóri á Þjóðskjalasafni

Birna Lárusdóttir sérfræðingur á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Egill Erlendsson prófessor í líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Elín Ósk Hreiðarsdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands (verkefnisstjóri)

Emil Gunnlaugsson MA nemi í sagnfræði við HÍ

Emily Lethbridge rannsóknarlektor hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Freyja Petersen MA nemi í Viking and Medieval Norse Studies

Garðar Guðmundsson sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Gísli Pálsson dósent við Bergenháskóla

Gylfi Björn Helgason sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Guðrún Alda Gísladóttir, sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Gunnar Páll Ægisson BA nemi í landfræði við HÍ

Kristborg Þórsdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Sandra Gunnarsdóttir BA nemi í sagnfræði við HÍ

Stefán Bogi Sveinsson MA nemi í sagnfræði við HÍ

Sverrir Jakobsson prófessor í sagnfræði við HÍ

Úlfar Bragason prof. emeritus við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Þorsteinn Björnsson MA nemi í íslenskum bókmenntum við HÍ

Þórdís Edda Jóhannesdóttir sérfræðingur við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Zachary Melton sérfræðingur við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Listi yfir útgáfu í tengslum við verkefnið

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2023 (væntanleg). *Fornleifar í Fagurey*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS928-20177.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2022. *Staðarhöll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu annars rannsóknarárs*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS873-21173.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2022. *Menningarminjar á Staðarhölli og í Staðarhöllsdal*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS861-21174.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2021. *Staðarhöll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu fyrsta rannsóknarárs*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS833-20171.

Emil Gunnlaugsson. 2022. *Staðarhölskirkeja 1200-1700: Auður, tekjur og búskapur*. M.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Emils er aðgengileg á Skemmumni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40348>

Gavin Lucas (ritstj.). 2023 (væntanleg). *Fornleifarannsóknir á Staðarhölli í Dölum 2022/Archaeological Investigations at Staðarhöll in Dalir 2022*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer. FS927-20176.

Guðrún Alda Gísladóttir og Gylfi Helgason. 2022. *Staðarhöll í Dölum: Fornleifarannsókn 2021*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS854-20172.

Gunnar Páll Ævarsson. 2022. *Náttúra og mannvist: Eðli og ástæður umhverfisbreytinga við Staðarhöll í Dalarsýslu frá byrjun 2. aldar f. Kr. til loka 17. aldar e. Kr.* BS ritgerð í landfræði, Líf- og umhverfisvísindasvið. Ritgerð Gunnars er aðgengileg á Skemmumni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40423>

Sandra Gunnarsdóttir. 2022. *Þjóðleiðir í Dölum: Ferðalög Dalamanna á 12. og 13. öld*. B.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Söndru er aðgengileg á Skemmumni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/38293>

Úlfar Bragason. 2021. *Reykholt Revisited: Representing Snorri in Sturla Þórðarson's Íslendingasaga*. Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þorsteinn Björnsson. 2022. *Með augum Sturlu Víðborf Sturlu Þórðarsonar til manna og málefna í Íslendingakjöflum Hákonar sögu Hákonarsonar*. M.A. ritgerð í íslenskum bókmenntum, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Þorsteins er aðgengileg á Skemmumni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/42765>